

lækni, sem býr í Kristneshæli, sem rækir starf hér í bænum að staðaldri, þykir verða að taka þennan lið einnig til greina, enda þykir honum í hóf stillt. Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda $\frac{3}{4}$ hluta af stefnukröfunni, eða kr. 5.876.40, ásamt 7% ársvöxtum frá 5. október s.l. til greiðsludags og kr. 1.700.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs Akureyrar, greiði stefnanda, Snorra Ólafssyni, kr. 5.876.40 með 7% ársvöxtum frá 5. október 1966 til greiðsludags og kr. 1.700.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. febrúar 1968.

Nr. 200/1967. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Axel Ingólfssyni

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Axel Ingólfsson, greiði allan áfrýjunarkostn-

að sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. september 1967.

Ár 1967, föstudaginn 8. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 336/1967: Ákærvaldið gegn Axel Ingólfssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 17. júlí s.l., gegn Axel Ingólfssyni skrifstofumanni, Víðimel 30, fæddum 31. desember 1940 í Reykjavík,

„fyrir ökugjaldssvik með því að fá, þriðjudagsnóttina 7. marz 1967, bifreiðarstjóran á leigubifreiðinni R 5904 til að aka með sig um Reykjavík án þess að hafa möguleika á að greiða ökugjaldið, sem varð kr. 300.00.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og greiðslu sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Aðfaranótt þriðjudagsins 7. marz s.l. tók ákærði sér leigubifreið í grennd við Þórscafé hér í borg og lét síðan aka með sig um borgina, án þess að hann ætti fé til greiðslu ökugjaldsins. Ók ökumaðurinn, Óskar Lárusson, loks til lögreglustöðvarinnar með ákærða, sem var ofurölvi. Nam ökugjaldið 300 kr.

Ákærði var vistaður í fangageymslu um nóttina. Næsta dag viðurkenndi hann brot sitt fyrir rannsóknarlögreglunni og lofaði að greiða ökugjaldið, en ekki stóð hann við það.

Ákærði hefur með ofangreindu atferli gerzt brotlegur við 248. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði var 13. júlí 1966 dæmdur í 5 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir tékkasvik. Niðurfall refsingar samkvæmt þeim dómi var bundið því skilyrði, að ákærði greiddi bætur, sem ákveðnar voru í dóminum. Ákærði hefur ekkert greitt af þeim bótum. Samkvæmt beiðni ákærða var máli þessu, sem þingfest var 1. f. m., frestað til dagsins í dag, þar sem ákærði kvaðst ætla sér að greiða bætur. Ákærði hefur þrátt fyrir þetta engar

bætur greitt, svo að vitað sé, og ekki kom hann fyrir dóm í dag.

Ákærði telst nú hafa rofið skilorð dómsins frá 13. júlí 1966, og verður ákærða nú dæmd refsing fyrir brot þau, sem sá dómur lýtur að, auk þess brots, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir. Þykir sú refsing með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Loks verður ákærði eftir kröfu Óskars Lárussonar dæmdur til greiðslu fébóta, kr. 300.00.

Dómsorð:

Ákærði, Axel Ingólfsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði greiði Óskari Lárussyni kr. 300.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. febrúar 1968.

Nr. 90/1967. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Bernard Newton

(Benedikt Blöndal hrl.).

Fiskveiðabrot. Brot gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

I.

Eftirför eftir togara ákærða 24. apríl 1967, sem í málinu greinir, var órofin og lögmæt, enda er löggæzlumönnum að íslenskum rétti heimilt að nota við löggæzlu, sem þeir framkvæma, flugvélar í einkaeign.